

10
17. jan.

Skýrsla

um lán veitt úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum árin 1908—1910 samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907.

	Lánið veitt	Upphæð Kr.
1. Staður í Súgandafirði	10. ágúst 1908.	3000 00
2. Staður á Reykjanesi	s. d.	3000 00
3. Staður í Aðalvík	s. d.	3000 00
4. Staðarhraun	20. nóv. 1908.	3000 00
5. Staðastaður	21. s. m.	3000 00
6. Oddi	30. s. m.	1920 00
7. Breiðabólsstaður í Vesturhópi	25. marz 1909.	2714 29
8. Holt í Önundarfirði	8. maí s. á.	3000 00
9. Reynivellir	10. júní s. á.	2500 00
10. Rafnseyri	s. d.	1875 00
11. Barð	3. júlí s. á.	3000 00
12. Sandfell	17. sept. s. á.	1500 00
13. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð	18. febr. 1910.	2000 00
14. Melstaður	28. júní s. á.	3000 00
15. Hvanneyri	31. desbr. s. á.	2700 00

Stjórnarráðið 17. janúar 1911.

11
20. jan.

Viðauki

við lögreglusamþykkt Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, hefir stjórnarráðið samþykkt og staðfest eftirfarandi viðauka við 37. gr. lögreglusamþyktarinnar, er bæjarstjórnin hefir samið:

Viðauki

við 37. gr. lögreglusamþyktarinnar frá 14. desember 1908:

Á eftir orðunum »Á almennum veitingastað« bætist inn í:
»og öðrum almennum samkomustöðum«.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. febrúar 1911.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

11
20. jan.

Í stjórnarráði Íslands, 20. janúar 1911.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

Hafnarreglugjörð

12
31. jan.

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 31. janúar 1911 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal reiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða útlöndum, eða, ef um skip ræðir, sem fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinn á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta eins og önnur þau gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, í hafnarsjóð Ísafjarðar. Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest.

Af skipum, er hafna sig oftast en einu sinni á árinu á Ísafjarðarhöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en að eins með $\frac{3}{4}$ hin önnur skiftin.

Af skipum, er annaðhvort flytja farm í land eða frá landi, skal greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásam á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð, en af öðrum skipum ekki nema lagst sé fyrir innan línu, er hugsast dregin frá Norðurtanganum þvert yfir í stein eða annað merki á Kirkjubólshlíð, er sé málað hvítt að ofan en rautt að neðan. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.